



Reykholti, 14. júní 2024
2010006 AS

Efni: Uppfært minnisblað

Eftirfarandi er minnisblað sem hefur verið uppfært frá því sem lagt var fyrir sveitarstjórnir til kynningar í mars s.l. Tillaga um að sótt verði um 5-6 rými.

Minnisblað til sveitarstjórna vegna dagþjónustu (dagdvöl) fyrir aldraða

Sveitarstjórum Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps var falið af sveitarstjórnnum að undirbúa umsókn til heilbrigðisráðuneytisins um dagþjónusturými fyrir svæðið, vinna áætlun um reksturinn og og greina hvaða staðsetning og húsnæði myndi henta. Sveitarstjóri Flóahrepps hefur einnig fylgst með framvindu málsins.

Viðmið um fjölda rýma

Tegundir dagdvala eru þrjár, almenn dagdvöl, dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun og dagdvöl með sérhæfðri endurhæfingu. Á Suðurlandi eru alls 8 almennar dagdvalir og ein dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun. Sjá nánar í meðf. töflu, þar sem einnig kemur fram fjöldi dagdvalarrýma:

G. Heilbrigðisumdæmi Suðurlands

Almenn dagdvöl	Árborg, dagdvöl, Selfossi	16
Dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun	Árborg, dagdvöl, Selfossi	15
Almenn dagdvöl	Ás, Hveragerði	5
Almenn dagdvöl	Dagdvöl aldraðra, Þorlákshöfn	8
Almenn dagdvöl	Hjallatún, Vík	2
Almenn dagdvöl	Kirkjuhvöll, Hvolsvelli	2
Almenn dagdvöl	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	1
Almenn dagdvöl	Lundur, Hellu	2
Almenn dagdvöl	Sveitarfélagið Hornafjörður, dagdvöl	7

Hópurinn fundaði með forstöðumanni dagdvala Árborgar til að fá frekari innsýn í reksturinn og skoðaði aðstöðuna sem dagdvalirnar tvær hafa yfir að ráða. Einnig hefur hópurinn skoðað húsnæði sem sveitarfélögin í uppsveitum eiga og kæmi til greina sem rými fyrir dagþjónustu. Þá er unnið að því að uppfæra þarfagreiningu sem unnin var af heimahjúkrun og félagsþjónustu.

Viðmið heilbrigðisráðuneytisins um fjölda dagdvalarrýma er eitt rými fyrir hverja 100 einstaklinga 67 ára og eldri. Um viðmið er að ræða en einnig er tekið mið af annarri þjónustu sem einstaklingum í hverju sveitarfélagi stendur til boða.

Í sveitarfélögunum fjórum eru 3.612 einstaklingar búsettir miðað við 14.06.2024 (óyfirfarnar tölur af skra.is). Eru það nokkuð fleiri en í Sveitarfélaginu Ölfusi, sem hefur 8 rými, og í Sveitarfélaginu Hornafirði, sem hefur 7 rými.

Fjöldi íbúa 67 ára og eldri í sveitarfélögunum fjórum er 524, miðað við 27.02.2024, og skiptist þannig:

Bláskógabyggð	176
Grímsnes- og Grafningshreppur	117
Hrunamannahreppur	120
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	111



Umsögn öldungaráðs

Umsögn öldungaráðs, sem fylgja þarf umsókn sveitarfélaganna til heilbrigðisráðuneytisins um dagþjónustu, var samþykkt á fundi ráðsins sem haldinn var 15. maí s.l. Þar kemur fram að öldungaráðið telji að dagdvöl sé mjög mikilvægur þáttur í að aldraðir geti búið sem lengst heima og viðbót við þá þjónustu sem verið er að veita í dag. Fyrir fundinum lá þarfagreining hjúkrunarstjóra heilsugæslunnar og forstöðumanns heimaþjónustu, þar sem fram kemur að 41 einstaklingur njóti þjónustu heimahjúkrunar á svæðinu og 68 heimili njóti þjónustu félagslegrar heimaþjónustu. Allir skjólstæðingar heimahjúkrunar og mikill hluti skjólstæðinga félagsþjónustu hefðu að mati hjúkrunarstjóra og forstöðumanns not fyrir dagþjónustu. Ekki kemur fram í þarfagreiningunni hvort einhver skörun sé á milli hópanna, þ.e. hvort sömu einstaklingar séu bæði með heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu.

Húsnæði

Í Brautarholti er húsnæði sem áður hýsti leikskóla og er nú í takmarkaðri notkun, aðallega fyrir tónlistarkennslu, og myndi henta vel fyrir dagþjónustu. Í Reykholti er húsnæði sem þjónar félagsstarfi eldri borgara einu sinni í viku, en gæti nýst sem dagþjónusta aðra daga. Þá er verið að huga að framtíðaruppbyggingu fyrir félagsstarf eldri borgara á Flúðum og mögulega væri hægt að samþætta það dagþjónustu. Þessi útfærsla hefur verið borin undir heilbrigðisráðuneytið og enn sem komið er hafa ekki borist athugasemdir við fyrirkomulagið, en óskað er eftir að ítarlega verði gerð grein fyrir þessu í umsókn.

Bæði í húsnæðinu í Brautarholti og í Reykholti er aðstaða til matargerðar, en einnig er unnt að fá þjónustu mótuneyta. Í Reykholti er baðaðstaða og slíkri aðstöðu mætti koma fyrir í Brautarholti með fremur einföldum hætti. Í báðum húsunum eru ágæt rými sem henta fyrir ýmsa þætti þjónustunnar. Kaupa þyrfti húsbúnað í Brautarholti og mögulega gera lítilsháttar breytingar á hreinlætisaðstöðu. Húsnæðið í Reykholti er nánast fullbúið húsgögnum.

Starfshópurinn ræddi um að leggja upp með það að dagþjónustan verði ekki bundin við einn stað. Rökin fyrir því að festa þjónustuna ekki við einn stað snúa bæði að því húsnæði sem er í boði og þeim sem nýta munu þjónustuna. Hvað húsnæðið varðar þá væri hægt að nýta það áfram fyrir þá starfsemi sem er í því í dag, þá daga sem dagþjónustan væri ekki að nýta það. Hvað notendur þjónustunnar varðar þá mætti mögulega skipuleggja hana þannig að akstur með þjónustunotendur yrði minni, þ.e. notendur gætu í meira mæli sótt þjónustuna í sínu nærumhverfi, en eins og að framan greinir er algengt að notendur séu hluta vikunnar í þjónustu.

Félag eldri borgara í Biskupstungum hefur aðgang að húsnæði Bláskógabyggðar í Reykholti fyrir sitt félagsstarf, eins og fyrr segir. Rætt hefur verið við formann félagsins um að rýmið yrði einnig nýtt fyrir dagþjónustu og er samkomulag um að unnt væri að hafa dagþjónustu þar tvisvar í viku, en félagið hyggst auka starfsemi sína í húsinu, sem yrði þá miðuð við þá daga sem ekki er rekin þar dagþjónusta.

Lagarammi/framlög ríkisins

Um dagdvalir er fjallað í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og í reglugerð nr. 1245/2016. Þar kemur fram að dagdvöl er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í almennri dagdvöl skulu notendur geta sótt þjónustuna tiltekna daga í viku hverri og tryggja þarf notendum dagdvalar



heilbrigðisþjónustu og félagslegan stuðning á því þjónustustigi sem eðlilegast er miðað við þörf og ástand hvers og eins.

Skylt er að afla framkvæmda- og rekstrarleyfis ráðherra áður en til dagdvalar er stofnað. Fylgja skal umsókn umsögn og þarfagreining öldungaráðs.

Samkvæmt gjaldskrá nr. 43/2023 greiða Sjúkratryggingar Íslands fyrir dagdvöl aldraðra kr. 8.992 fyrir almenna dagdvöl. Gjaldið er greitt mánaðarlega, eftir á, og tekur mið af því að ein koma í dagdvalarrými vari í a.m.k. 6 klst á dag. Ferðakostnaður notenda er inni í gjaldinu. Einnig er greitt húsnæðisgjald vegna viðhaldskostnaðar sem er kr. 451 á dag fyrir að hámarki 30 fermetra dagdvalarrými, en það hutfallast í samræmi við stærð rýmisins. Algengt er að dagdvöl sé opin frá kl. 9:00 til 15:00 eða 15:30.

Akstursþjónusta vegna dagdvalar er hluti af þjónustunni og er innifalin í því gjaldi sem notandi greiðir fyrir dagþjónustuna, en það er 1.579 kr fyrir hvern dvalardag skv. reglugerð.

Tekjur og gjöld

Stöðugildi yrðu a.m.k. að vera tvö. Eitt stöðugildi forstöðumanns eða sambærilegt og eitt eða fleiri stöðugildi starfsmanns á dagvist fyrir aldraða, eftir því hve mörg rými yrði um að ræða. Til samanburðar þá er sveitarfélag með 8 dagdvalarrými með tæplega 3 stöðugildi. Meðallaunakostnaður pr stöðugildi í öðru sveitarfélagi sem er með 7 starfsmenn í rúmlega 5 stöðugildum er 730.000 kr. með launatengdum gjöldum.

Ýmis háttur hefur verið hafður á með fyrirkomulag aksturs fyrir notendur á milli heimilis og dagdvalar. Dæmi eru um að sveitarfélög hafi samið við leigubílstjóra eða fyrirtæki sem annast fólksflutninga, eða verið með akstursþjónustu á eigin vegum. Kanna má þann möguleika að samnýta annan akstur, svo sem skólaakstur, en það yrði að skoða í hverju tilfalli fyrir sig og allsendis óvíst að það myndi alltaf henta eða ganga upp.

Reynsla sveitarfélaga er að daggjöld og þátttökugjöld notenda ná ekki að standa undir öllum rekstrarkostnaði. Í erindi sem Sveitarfélagið Árborg sendi sveitarfélögum í Árnassýslu í janúar 2021 kom fram að þá var umframkostnaður kr 167.394 á hvern þjónustuþega á mánuði í dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun með 15 rými.

Áætlun um tekjur:

Tekjur pr. rými á mánuði (20 dagar):

Dagdvalargjald	8.992 x 20	179.840
Húsnæðisgjald	451 x 20	9.020
Hlutdeild notanda	1.579 x 20	31.580
Alls		220.440

4 rými: 881.760

5 rými: 1.102.200

6 rými: 1.322.640

Launakostnaður er stærsti kostnaðarliðurinn. Ef horft er til meðalkostnaðar pr stöðugildi, sbr hér að framan má ætla að launakostnaður yrði ekki undir 1.460.000 á mánuði. Aðrir liðir væru innri leiga, rafmagn/hiti, fæðiskostnaður, hreinlætisvörur, sími, eftirlitsgjöld, ræsting o.fl. Ef miðað er við að launakostnaður sé 70% og annar rekstrarkostnaður, fyrir utan akstur 30% þá má áætla rekstrarkostnað á mánuði um 2.100.000.



Einnig má ætla að akstursþjónusta yrði kostnaðarsöm, ekki er gerð tilraun til að áætla þann kostnað hér, enda ræðst hann af þáttum sem ekki liggja fyrir hér og nú.

Ljóst er að umframkostnaður af rekstrinum yrði nokkur og skipta þyrfti honum niður á sveitarfélögin í hlutfalli við notkun. Hvert sveitarfélag um sig myndi standa straum af aksturskostnaði fyrir sína notendur, en skynsamlegt væri að reyna að samnýta ferðir með notendur, þar sem það á við og horfa til allrar samlegðar sem hugsanleg væri við annan akstur.

Ekki er unnt að fullyrða að draga muni úr kostnaði við félagslega heimaþjónustu samhliða opnun dagdvalar. Félagsleg heimaþjónusta sem felst í þrifum yrði óbreytt, en mögulega gæti orðið breyting hvað varðar innlit og slíka þjónustu. Fela mætti SVÁ að taka við umsóknum og úthluta plássum að undangengnu mati á þörf.

Tillaga

Í framhaldi af þessari vinnu er lögð fram tillaga um að sveitarfélögin fjögur sækji um heimild fyrir 6 dagþjónusturýmum, en sá fjöldi myndi geta þjónað fleiri notendum þar sem sami einstaklingur er alla jafna ekki í dagþjónustu allan daginn, alla virka daga.

Þá leggur starfshópurinn til að lagt verði upp með það að dagþjónustan verði ekki bundin við einn stað, heldur verði sótt um að hún verði þrjá daga í viku í Brautarholti og tvo daga í viku í Reykholti.

Virðingarfyllt,
f.h. starfshópsins,

Ásta Stefánsdóttir
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar